

Huldumálverk Erlu S. Haraldsdóttur

Craniv A. Boyd

Folder in conjunction with exhibition
“Memory of Color” at Seltjarnarnes library
exhibition hall, Galleri Grotta, Seltjarnarnes,
Iceland.

„Ég verð að breytast til að geta haldið áfram að vera sá sami og ég er“ – Willem de Kooning

Venjulega þegar Erla biður mig um að skrifa um list sína býður hún mér í heimsókn í stúdíóið sitt til að sjá verkin í eigin persónu. Nýlega hittumst við því til þess að skoða smærri málverk sem hún hefur unnið að undanfarin tvö ár. Líta má á þessi málverk, sem mörg hver hafa aldrei komið fyrir sjónir almennings, sem nokkurs konar „B-hliðar“ á verkum hennar, og rétt eins og lög á smáskífu kallast þau á við málverkið sem komst í sviðsljósið. Þetta merkir þó engan veginn að líta ætti á þessi málverk eins og uppfyllingarefni á hljómplötu, heldur mun frekar sem tilraunir sem fylgja listakonunni í flóknu sköpunarferli stóru málverkanna.

Í samræðum okkar kom skýrt í ljós að Erla lítur á þessi smærri huldumálverk, sem ekki voru endilega ætluð til almennrar birtingar, sem lykilatriði í því ferli að skila af sér fágæðri verkum. Þau gegna hlutverki nokkurs konar athvarfs þar sem hún getur túlkað tilfinningar sínar hreint og beint í gegnum liti eða málað með litum sem henni finnast jafnvel forljótir til að byrja með.

Erla notar þessar B-hliðar málverka sinna sem vettvang þar sem hún getur prófað sig áfram frjálst og tilraunakennt án þess að áhættan sé of mikil.¹ Í þeim getur Erla skipt milli raunsæs natúralisma sem að hluta byggist á ljósmyndum annars vegar og abstrakttilrauna án fyrirmyndar hins vegar. Að mörgu leyti minnir þetta á það sem Willem de Kooning gerði þegar hann skipti á milli abstrakt- og figúratífrar listar í verkum sínum til þess að halda neistanum í stúdíóinu, en hann lagði einmitt áherslu á það að listræna ferlið snerist um frelsi.

Í mörgum þessara minni verka sem Erla hefur unnið á striga og tré virðist hún einmitt sækja innblástur í stíl ýmissa listamanna af New York-skólanum frá miðri tuttugustu öld. Áhrifa Clyfford Still og Barnett Newman gætir í seríunni *Spill: One–Seven* (2017), en það er eina „huldumálverkið“ sem sýnt hefur verið í Galleri Konstepidemin í Gautaborg og í grafhvelvingunni í Lundardómkirkju í Svíþjóð. Serían *Untitled: One–Three* (2018) er endurhvarf til abstrakt-expressjónisma, bæði í umfangi og stíl. Eðli verkanna er að þau eru unnin í samhengi við stærri seríur sem Erla vinnur að í stúdíói sínu: *Spill* (2017) og *Genesis* (2016–7) eru hliðstæður, sem og *Untitled* (2018) og *Patterns of the Family* (2018). Hin persónulegu abstrakt-expressjónísku verk eru öll af sama hugmyndafræðilega meiði þar sem þau eru unnin með afgangslitum sem féllu til við gerð stóru figúratífu málverkanna.

From the Outside (2018), ferningslaga verk með endurteknum hringjum, minnir á skotskífumálverk Jasper Johns eða verk Kenneth Noland. Erla sækir innblástur sinn þó lengra aftur en það, nefnilega í verkið *Sköpun heimsins* og brottvísun úr *Paradís frá árinu 1445*, ítalskt málverk eftir Giovanni di Paolo sem sýnir þegar Adam og Eva voru rekin úr aldingarðinum Eden. *From Within* (2018) er áleitid málverk í langsníði sem minnir bæði á verk Hilma af Klint og Georgiu O’Keeffe, en sú fyrri var sjálflærð finnlandssænsk hefðarkona og sú síðari virkur meðlimur í myndlistarsenunni í New York sem kvaddi borgina og tók upp rólegra líf í suðvesturríkjum Bandaríkjanna.²

Í seríunni *Hand-One-Seven* (2018) gefur að líta róf hreinna lita á sjö aðskildum flötum á bláhvítum grunni. Litafletirnir eru útlínur mismunandi handahreyfinga. Serían er bæði litastúdíó og röð tilbrigða við þau stef sem Erla vann með í

Huldumálverk Erlu S. Haraldsdóttur

Craniv A. Boyd

Folder in conjunction with exhibition "Memory of Color" at Seltjarnarnes library exhibition hall, Galleri Grotta, Seltjarnarnes, Iceland.

Genesis-sýningunum (Reykjavík og Gautaborg, 2016; Lundur, 2017). Sérstaklega má nefna bendingar Guðs, eins og nafnlaus höfundur Íslensku teiknibókarinnar sá þær fyrir sér, en teiknibókin er miðaldahandrit sem inniheldur fyrirmyndir að myndskreytingum fyrir listamenn.³ Þykk lög af titanhvítri málningu minna á áferð hvítu málverka Roberts Ryman eða vaxmálverk Jaspers Johns af bandaríska fánanum.

Athvarfið sem Erla hefur skapað sér til tilraunastarfsemi sinnar verður að engu um leið og hún ákveður að sýna opinberlega verkin sem upprunalega voru ætluð fyrir stúdíóið. Þessari afhjúpun má líkja við hættuna af því að sýna mótspilara spilin sín í póker. Opinberun þessara verka opnar á hættuna á að listræna ferlið missi dýrðarljóma sinn, því þau afhjúpa skrefin á bak við málverkin og hugsanaferli listamannsins. B-hliðarnar leyfa Erlu að halda áfram að þróast til þess að geta áfram verið sú sama, en jafnframt veita þær innsýn í sköpunarferli stærri málverka hennar sem ætluð eru fyrir sjónir almennings.

1. Lesa má um áhættu og tengsl hennar við myndlist í ritgerð Suzanne Preston Blier, „*Art and Risk in Ancient Yoruba: Ife History, Power, and Identity, c. 1300*“ (New York: Cambridge University Press, 2015).

2. Sjá Iris Müller-Westermann og Jo Widott (ritstj.), *Hilma af Klint: A Pioneer of Abstraction*, sýningarskrá, Moderna Museet (Stokkhólmur: Moderna Museet, 2013) og Lauris Morgan-Griffiths, *Georgia O'Keeffe: An American Perspective* (London: Quercus, 2009).

3. Sjá Guðbjörg Kristjánsdóttir, *Íslenska teiknibókin* (Reykjavík: Crymogea, 2013).